

Sp.

961. Breytingartillögur

við till. til þál. um ríkisaðstoð til bæjar- og hreppsfélaga til togarakaupa.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

1. Í stað orðanna „skal nema 10%“ í 1. málsg. komi: má nema allt að 10%.
2. Í stað „Lán þessi skulu vera“ í upphafi 2. málsg. komi: Lán þessi mega vera.

húsa $2\frac{2}{30}$ af verðtollí þeim, sem þeir hafa greitt frá 1. janúar 1945 og greiða framvegis af cellophane-pappír til fiskumbúða.

Alþingi, 24. apríl 1946.

Gísli Jónsson, form.	Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.	Sig. Kristjánsson, frsm.
Skúli Guðmundsson.	Steingr. Aðalsteinsson. B. Kristjánsson.	Þórður Benediktsson. Pétur Ottesen.

Sp. 963. Nefndarálit

um till. til þál. um fjárskipti á svæðinu milli Skjálfandafljóts og varnargirðinga í Eyjafirði.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd hefur rætt tillöguna. Undirritaðir nefndarmenn leggja til, að hún verði samþykkt óbreytt. Aðrir nefndarmenn voru ekki viðbúnir að taka afstöðu til málsins.

Alþingi, 24. apríl 1946.

Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.	B. Kristjánsson; frsm.	Sig. Kristjánsson.
Skúli Guðmundsson.	Helgi Jónasson. Pétur Ottesen.	Þórður Benediktsson.

Ed. 964. Nefndarálit

um frv. til l. um sérstakar fyrningarafskriftir.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Meiri hluti fjárhagsnefndar hefur athugað frumvarp þetta, sem flutt var af sjávarútvegsnefnd neðri deildar að tilhlutan fjármálaráðherra. Leggur meiri hlutinn til, að frv. verði samþykkt með tveim breytingum, og er önnur þeirra ekki annað en leiðrétting. Einn nefndarm. meiri hlutans (HG) er þó andvígur fyrri breytingartillögunni. Einn nefndarmanna (ÁS) hefur óbundnar hendur um málið.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Á eftir orðinu „veiðiskip“ kemur: flutningaskip.
2. Við 2. gr. Í stað „hafði“ í síðari málsgrein kemur: hefði.

Alþingi, 24. apríl 1946.

Magnús Jónsson, form., frsm.	Bernh. Stefánsson, fundaskr.	Þorst. Þorsteinsson.
	H. Guðmundsson.	

Sþ.

965. Nefndarálit

um till. til þál. um fjárskipti á svæðinu milli Skjálfafljóts og varnargirðinga í Eyjafirði.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Þáttill. var rædd á einum fundi, og gátu nefndarmenn ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. (BK, SkG, PO, HelgJ og ÞB) vildi mæla með tillögunni og gefur því út meirihlutaálit. GÍG, SK og StgrA tóku ekki þátt í afgreiðslu málsins. Minni hl. (GJ) vildi ekki mæla með till. óbreyttri af eftirfarandi ástæðum:

Samkvæmt samtali við fjármálaráðh. upplýstist, að hann óskaði að fá fram álit Alþingis um það, hvort rétt væri að halda áfram niðurskurði almennt í landinu til þess á þann hátt að útrýma mæðiveikinni, ef unnt væri, en þáttill. sú, sem hér um ræðir, segir ekkert um það, þótt samþykkt verði. Þá er og ljóst, að ekki er þörf á þessu þingi að samþykkja með þál. útgjöld á árunum 1947—49, og þykir minni hl. réttara, að það sé gert á fjárlögum. Hann leggur því til, að þáttill. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði fé til fjárskipta á landinu eftir því, sem sauðfjársjúkdómanefnd leggur til á hverjum tíma, og með þeim skilyrðum, er hún kann að setja, enda fari fjárskiptin fram samkvæmt fyrirætlum laga þar um á hverjum tíma.

2. Fyrirsögn þáttill. verði:

Tillaga til þingsályktunar um fjárskipti.

Alþingi, 24. apríl 1946.

Gísli Jónsson,
form.

Sþ.

966. Nefndarálit

um till. til þál. um ráðstafanir til þess að greiða fyrir þorpsmyndun á Egilsstöðum í Suður-Múlasýslu.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Tillagan var til umræðu á einum fundi, og gátu nefndarmenn ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hlutinn (ÞB, SkG, BK, PO, StgrA og GÍG) vildi mæla með samþykkt tillögunnar og skilar því meirihlutaáliti. HelgJ og SK tóku ekki þátt í atkvæðagr. Minni hlutinn (GJ) lítur svo á, að verðhækkun á löndum vegna aðgerða hins opinbera verði ekki stöðvuð með því einu að kaupa löndin, með því að reynslan hefur sýnt, að leiga eða erfðafesta á slíkum löndum er margoft framseld með stórkostlegu álagi og oft með verði, sem er langt fyrir ofan fasteignamat landsins. Minni hlutinn leggur því til, að þáttill. verði afgreidd með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti undirbúa fyrir næsta Alþingi frv. til laga um verðhækkunargjald af löndum, sem hækka í verði fyrir beinar framkvæmdir, sem

geroar eru fyrir ríkisté, þar sem ríkissjóði sé tryggður hæfilegur hluti af verðhækkuninni upp í þann kostnað, sem lagður hefur verið fram til framkvæmdanna, tekur Alþingi fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 24. apríl 1946.

Gísli Jónsson,
form.

Ed. 967. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 23. febr. 1945, um skipakaup ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og aflað sér nokkurra upplýsinga um framkvæmdir þær, sem það fjallar um. Samkvæmt þeim hefur Nýbyggingarráð aflað tilboða í smíði á 35 vélskipum innanlands að tilhlutun atvinnumálaráðuneytisins, og hefur ráðuneytið síðan gert samninga um smíði á 18 skipum 35 rúml., 7 skipum 55 rúml. og 2 skipum 62 rúml., eða samtals 27 skipum. Eru samningar á þá leið, að skipasmíðastöðvarnar leggja til efni og vinnu að undantekinni aflvél, er ráðuneytið kaupir sérstaklega. Hafa þegar verið keyptar nokkrar vélar frá Englandi og Danmörku og samið um kaup á fleirum. Samkvæmt sömu upplýsingum mun heildarverð skipanna verða sem næst því, er hér segir:

35 smál. skip	kr. 345000
55 — —	— 513000
62 — —	— 567000

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins. Þó telja sumir nefndarmanna, að þar sem upphaflega var gert ráð fyrir smíði 35 skipa og lánsupphæðin, 30 millj. kr., miðuð við það, mundi óhætt að lækka þá upphæð í 25 millj. kr. Hafa einstakir nefndarmenn óbundnar hendur um að flytja breytingartillögur um það eða fylgja öðrum, er fram kunna að koma.

Alþingi, 24. apríl 1946.

Magnús Jónsson,
form.

Bernh. Stefánsson,
fundaskr., m. fyrirvara.

Ásmundur Sigurðsson,
frsm.

Þorst. Þorsteinsson.

H. Guðmundsson.

Ed. 968. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 23. febr. 1945, um skipakaup ríkisins.

Frá Bernharð Stefánssyni og Þorsteini Þorsteinssyni.

Við 2. gr. Fyrir „30 milljóna“ komi: 25 milljóna.

Ed.**969. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 944 [Ríkisborgararéttur].

Frá Steingrími Aðalsteinssyni og Bernharð Stefánssyni.

Inn í tillöguna bætast nýir liðir í rétttri stafrófsröð:

1. Abraham, Robert Louis Eugen, söngstjóri í Reykjavík, fæddur 17. maí 1912 í Þýzkalandi.
2. Albína María, St. Jósefssystir í Hafnarfirði, fædd 7. maí 1887 í Þýzkalandi.
3. Barbara María, St. Jósefssystir í Hafnarfirði, fædd 5. marz 1904 í Þýzkalandi.
4. Beckmann, Wilhelm Ernst, myndskeri í Reykjavík, fæddur 5. febr. 1909 í Þýzkalandi.
5. Cyrilla María, St. Jósefssystir í Hafnarfirði, fædd 28. ágúst 1880 í Þýzkalandi.
6. Felicia María, St. Jósefssystir í Hafnarfirði, fædd 20. júlí 1901 í Þýzkalandi.
7. Friedlaender, Heinz Karl, vélamaður í Reykjavík, fæddur 27. ágúst 1914 í Þýzkalandi.
8. Goldstein, Peter Lothar, námsmaður í Reykjavík, fæddur 7. nóv. 1927 í Þýzkalandi.
9. Göhlsdorf, Elisabeth, tungumálakennari í Reykjavík, fædd 3. ágúst 1890 í Þýzkalandi.
10. Herlufsen, Harry Otto August, rakari á Ísafirði, fæddur 18. ágúst 1913 í Danmörku.
11. Jack, Robert John, settur sóknarprestur í Heydalaprestakalli, fæddur 5. ágúst 1913 í Skotlandi.
12. Jörgensen, Alfred Christian, húsgagnasmiður í Reykjavík, fæddur 25. apríl 1901.
13. Lindemann, Albert Volker, forstöðumaður í Varmahlíð í Skagafirði, fæddur 17. ágúst 1899 í Þýzkalandi.
14. Nielsen, Orla Egon, rakari í Reykjavík, fæddur 16. apríl 1912 í Danmörku.
15. Pedersen, Martin Schjønning Kristian, pípulagningarmaður á Raufarhöfn, fæddur 27. júlí 1887 í Noregi.
16. Remberta María, St. Jósefssystir í Hafnarfirði, fædd 22. sept. 1877 í Þýzkalandi.
17. Schrader, Harry Wilhelm, kennari í Reykjavík, fæddur 28. febr. 1913 í Þýzkalandi.
18. Sonnenfeld, Kurt Gustav, tannlæknir á Siglufirði, fæddur 3. ágúst 1909 í Þýzkalandi.
19. Xaveria María, St. Jósefssystir í Hafnarfirði, fædd 12. júlí 1896 í Þýzkalandi.

Nd.**970. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

Flm.: Finnur Jónsson, Ólafur Thors, Einar Olgeirsson, Eysteinn Jónsson.

1. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Kjörstjórar við atkvæðagreiðslu utan kjörfunda samkvæmt lögum þessum eru sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík borgarfógeti), fulltrúar þeirra, sendiherrar og sendifulltrúar, sendiráðsritarar og attachés, útsendir aðalræðismenn, útsendir ræðismenn og vararæðismenn Íslands erlendis, hreppstjórar og skipstjórar á íslenskum skipum. Nú eru sýslumaður og hreppstjóri búsettir á sama stað, og skal þá sýslumaður vera kjörstjóri.

2. gr.

65. gr. laganna orðist svo:

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar er því aðeins gild, að notuð séu hin fyrirskipuðu kjörblöð og umslög og að kosningin fari fram í skrifstofu sýslumanns eða bæjarfógeta (í Reykjavík borgarfógeta), í skrifstofu sendiráðs eða útsends aðalræðismanns, útsends ræðismanns eða vararæðismanns Íslands, í skrifstofu eða heimili hreppstjóra eða um borð í íslenzku skipi, þar sem skipstjóri hefur fengið afhent kjörgögn samkvæmt 48. gr., enda sé þá kjósandinn skrásettur á skipinu.

3. gr.

Við 137. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sendiráð og ræðismannsskrifstofur skulu strax að afstöðnum hverjum kosningum senda dómsmálaráðuneytinu fyrir milligöngu utanríkisráðuneytisins skilagrein yfir notuð kjörgögn ásamt skýrslu um það, sem ónotað er. Hin ónotuðu kjörgögn skulu fylgja skýrslunni.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þessu er ætlað að greiða fyrir því, að þeir kjósendur, sem staddir eru erlendis á kjördegi, geti notið kosningarréttar síns, og þarfnast eigi frekari skýringa.

Nd. 971. Frumvarp til laga

um almannatryggingar.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 820 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Ríkisstjórnin hefur yfirumsjón með starfsemi Tryggingastofnunarinnar og setur reglugerðir samkvæmt lögum þessum.

5. gr. hljóðar svo:

Forstjóri stjórnar stofnuninni í samræmi við lög, reglugerðir og erindisbréf, er honum verður sett, og í samráði við formann tryggingaráðs, sbr. 8. gr. Hann afgreiðir mál í samráði við hlutaðeigandi deildarstjóra eða felur þeim afgreiðslu ákveðinna mála, en ber sjálfur ábyrgð á ákvörðunum og úrskurðum.

Forstjóri getur falið sama deildarstjóra forstöðu fleiri en einnar deildar.

6. gr. hljóðar svo:

Tryggingaráð, skipað 5 mönnum, skal fara með störf þau, sem því eru falin með lögum þessum. Skal það kosið hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar, og jafnmargir varamenn. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna kjörnu.

Sérstök nefnd þriggja sérfróðra manna skal vera tryggingaráði til aðstoðar og ráðuneytis um læknisfræðileg atriði og framkvæmd heilsugæzlu samkvæmt III. kafla. Í nefnd þessari eiga sæti landlæknir, sem er formaður hennar, og tveir menn, er ríkisstjórnin skipar til 4 ára í senn, annan samkv. tilnefningu Læknafélags Íslands og Læknafélags Reykjavíkur í sameiningu og hinn samkvæmt tilnefningu læknadeildar

háskólans. Varamenn fyrir tvo hina síðartöldu skulu skipaðir með sama hætti til sama tíma.

Nú láta læknafélögin eða læknadeild háskólans undir höfuð leggjast að tilnefna mann af sinni hálfu í nefndina samkv. 2. málsg. og skipar þá ráðherra án tilnefningar mann eða menn í þeirra stað.

7. gr. hljóðar svo:

Hlutverk tryggingaráðs er að hafa eftirlit með fjárhag, rekstri og starfsemi Tryggingastofnunarinnar og gæta þess, að hún starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma. Fjárhagsáætlun stofnunarinnar fyrir ár hvert skal jafnan samin í samráði við tryggingaráð. Einnig skal leita samþykkis ráðsins á öllum heildarsamningum við lækna, sjúkrahús, heilsuverndar- og lækningastöðvar, en að undirbúningi slíkra samninga starfar sérfræðinganefndin, sbr. 6. gr., með forstjóra Tryggingastofnunarinnar og formanni tryggingaráðs.

Ef úgreiningur ris um bæt看 samkv. II. kafla eða hlunnindi samkv. III. kafla, leggur tryggingaráð úrskurð á þau mál. Leita skal þó jafnan álits sérfræðinganefndar, áður en úrskurðað er um atriði, er varðar heilsugæzlu samkvæmt III. kafla eða læknisfræðileg atriði, er áhrif hafa á bótagreiðslur.

Nú sættir aðili sig ekki við úrskurð tryggingaráðs, og getur hann þá leitað dómsúrskurðar um málið.

8. gr. hljóðar svo:

Formaður tryggingaráðs skal fylgjast með daglegri starfsemi stofnunarinnar og kynna sér alla afgreiðslu mála. Ef um er að ræða bótagreiðslur, sem ekki eru fastákveðnar, en inntar af hendi samkv. heimildarákvæðum, er skylt að leggja þau atriði fyrir formann ráðsins, en hann kynnir sér allar aðstæður. Skal afgreiðsla slíkra mála jafnan borin undir tryggingaráð, ef formaður óskar þess. Hann skal og vinna að undirbúningi fjárhagsáætlunar stofnunarinnar með forstjóra og að öllum meiri háttar samningsgerðum.

9. gr. hljóðar svo:

Vinnuveitendafélag Íslands og Alþýðusamband Íslands skipa hvort um sig einn mann, sem hefur rétt til að taka þátt í umræðum tryggingaráðs og gera tillögur, þegar skipt er í áhættuflokka og ákveðin iðgjöld atvinnurekenda til slysatrygginga skv. 113. gr. Skal Tryggingastofnuninni skylt að láta þeim í té allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru vegna þessa starfs.

10. gr. hljóðar svo:

Ráðherra setur nánari reglur um störf og skyldur tryggingaráðs og sérfræðinganefndar og ákveður þóknun ráðsmanna og nefndarmanna svo og sérstaka aukaþóknun til formanns tryggingaráðs.

11. gr. hljóðar svo:

Skipta skal landinu í tryggingaumdæmi, eftir því sem hagkvæmt þykir, og skal við ákvörðun umdæma höfð hliðsjón af skipun læknishéraða og lögsagnarumdæma.

Tryggingastofnunin hefur skrifstofur eða umboðsmenn á þeim stöðum, sem bezt henta og þörf krefur.

Í hverju tryggingaumdæmi skal starfa fimm manna trygginganefnd, kosin hlutfallskosningu af sveitarstjórnnum umdæmisins á sameiginlegum fundi, er halda skal eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Nefndin kys sér sjálf formann. Kjósa skal á sama hátt og til sama tíma jafnmarga varamenn.

Kjörtímabil trygginganefnda er hið sama og sveitarstjórna. Ef sveitarfélagi er skipt milli tveggja eða fleiri tryggingaumdæma, tekur sveitarstjórn þess þátt í kosningu trygginganefndar í því umdæmi, þar sem flestir af íbúum sveitarfélagsins eiga heima.

Hlutverk trygginganefnda er að fylgjast með rekstri trygginganna í umdæminu, gera tillögur um framkvæmd þeirra, gæta hagsmuna hinna tryggðu og benda á atriði, er mættu verða til sparnaðar í rekstri trygginganna.

Á fundi sveitarstjórna, sem haldinn er skv. 3. mgr., skal ákveða þóknun hinna kjörnu nefndarmanna, og greiðist hún ásamt kostnaði við störf þeirra af hlutaðeigandi sveitarfélögum eftir reglum, er fundurinn setur.

Ráðherra setur nefndum þessum nánari starfsreglur.

19. gr. hljóðar svo:

Tryggingayfirlæknir úrskurðar örorkustig þeirra, sem sækja um örorkulífeyri. Slíkum úrskurðum má áfrýja til sérfræðinganefndar, sbr. 6. og 7. gr.

Tryggingastofnunin getur hvenær sem er látið endurmeta örorku þeirra, sem fengið hafa örorkulífeyri, ef líkur þykja til, að þeir séu eigi lengur öryrkjar, sbr. 2. mgr. 18. gr.

27. gr. hljóðar svo:

Mæður, sem fá úrskurð yfirvalds um barnalífeyri með óskilgetnum börnum sínum, geta snúið sér til Tryggingastofnunarinnar með úrskurðinn og fengið lífeyrinn greiddan þar.

Þegar Tryggingastofnunin greiðir barnalífeyri samkv. 1. mgr., á hún endurkröfurétt á hendur föðurnum, og fer um innheimtu slíkrar kröfu eftir ákvæðum 117. gr.

Verði vanskil af hálfu föðurins, skal innheimta kröfuna hjá dvalarsveit móðurinnar eða þess, er framfærslu barnsins annast í hennar stað, nema Tryggingastofnunin kjósi heldur að innheimta hana beint frá framfærslusveit föðurins, og telst fjárhæðin framfærslustyrkur veittur honum. Um rétt dvalarsveitar á hendur framfærslusveit og framfærslusveitar á hendur barnsföður fer samkvæmt ákvæðum framfærslulaga.

Nú deyr faðir óskilgetins barns, áður en barnið hefur náð 16 ára aldri, og greiðir þá Tryggingastofnunin barnalífeyri engu að síður, en getur þá jafnframt gert kröfu í dánarbú hins látna samkv. reglum 25. gr. 1. nr. 46 27. júní 1921.

40. gr. hljóðar svo:

Sjúkrabætur skulu vera:

	Á 1. verðlagssvæði	Á 2. verðlagssvæði
Fyrir kvænta karla, þegar konan vinnur eigi utan heimilis eða er atvinnulaus	kr. 6.00 á dag	kr. 5.00 á dag
Fyrir aðra	— 5.00 —	— 4.00 —

Giftar konur fá því aðeins greiddar sjúkrabætur, að þær færi sönnur á, að maður þeirra geti ekki séð þeim farborða.

Þegar sjúkrabætur eru greiddar, er auk hinna venjulegu fjölskyldubóta samkv. 30.—32. gr. einnig greitt með þremur fyrstu börnunum í hverri fjölskyldu, sbr. 1. mgr. 31. gr.

Sjúkrabætur mega aldrei fara fram úr $\frac{3}{4}$ þess, sem hinn sjúki hefur misst í af tekjum sínum vegna sjúkdómsins.

42. gr. hljóðar svo:

Í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem lækna starfa, skal greiða sjúkrabætur sem hér segir:

- a) Þeir, sem starfa í annarra þjónustu, skulu eiga rétt á sjúkrabótum frá og með 11. veikindadegi og í allt að 26 vikur samtals á einu ári, enda sé þeim ekki greitt kaup þennan tíma. Tryggingaráði er þó heimilt að ákveða, að bætur skuli greiddar lengur, einkum ef veikindi stafa af slysförum og óvíst er, hvort um varanlega

örorku verður að ræða. Sjúkrabætur eru ekki greiddar, nema hlutaðeigandi hafi verið óvinnufær lengur en 14 daga.

Nú greiðir atvinnurekandi hinum sjúka kaup, sem er lægra en sjúkrabótum nemur, og skal þá einnig greiða sjúkrabætur, þó svo, að þær að viðbættu kaupinu séu eigi hærri en bótaupphæðir laganna að viðbættum 25 af hundraði. Um fasta starfsmenn sjá ákvæði 64. greinar.

- b) Þeir, sem starfa sjálfstætt eða hafa launþega í þjónustu sinni, eiga rétt á bótum frá og með sjöttu sjúkraviku í allt að 26 vikur samtals á einu ári, enda geti þeir sýnt fram á, að tekjur þeirra hafi minnkað verulega vegna veikindanna. Skal tryggingaráð setja nánari reglur um greiðslu sjúkrabóta til slíkra manna með hliðsjón af ákvæðum 2. mgr. 39. gr. Heimilt er tryggingaráði að ákveða að greiða bætur samkvæmt framansögðu frá og með 11. veikindadegi, ef hlutaðeigandi fer í sjúkrahús eða atvinnurekstur hans stöðvast.

Sjúkrabætur falla niður þann dag, sem hinn tryggði verður vinnufær, enda þótt hann taki ekki til starfa eða vanræki að segja frá bata sínum.

43. gr. hljóðar svo:

Utan þeirra staða, sem um ræðir í 42. gr., skulu sömu reglur gilda og þar segir (stafl. a og b), en sjúkrabætur eru því aðeins greiddar, að hinn sjúki liggja í sjúkrahúsi eða hafi verið rúmfastur. Hámarkstími sjúkrabóta samkvæmt þessari grein er einnig 26 vikur á einu ári.

Ef sannað er, að hinn veiki hafi orðið að taka mann í þjónustu sína vegna sjúkleikans, getur Tryggingastofnunin greitt honum bætur, þótt hann hafi eigi legið rúmfastur.

44. gr. hljóðar svo:

Skytt er þeim, sem sækja um sjúkrabætur, að tilkynna Tryggingastofnuninni veikindi með læknisvottorði, áður en 10 dagar eru liðnir, frá því er sjúkdómurinn olli óvinnuhæfni, ella miðast biðtíminn við þann dag, sem tilkynning barst. Upphaf biðtímans miðast við þann dag, sem læknis var fyrst vitjað eða sjúklingurinn fluttur í sjúkrahús, og fylgi vottorð tveggja valinkunnra manna um, að sjúkralegan hafi verið óslitin.

Þegar veikindi hafa verið tilkynnt, getur Tryggingastofnunin látið lækni rannsaka heilsufar hins tryggða eða fylgt með því á annan hátt. Ef maður vanrækir að fara að ráðum læknis, missir hann rétt til bótanna, meðan svo stendur.

Sama verður, ef hann neitar að hlíta fyrirmælum um þátttöku í þjálfun eða starfsnámi, sem flýtt gæti bata hans eða búið hann undir nýtt starf.

53. gr. hljóðar svo:

Dagpeningar eru kr. 7.50 á dag.

Þegar dagpeningar eru greiddir, er auk hinna venjulegu fjölskyldubóta, sbr. 30.—32. gr., einnig greitt með þremur fyrstu börnunum í hverri fjölskyldu.

Bótageiðslur samkv. 1. og 2. mgr. þessarar gr. skulu aldrei fara fram úr $\frac{3}{4}$ af dagkaupi bótaþega við þá atvinnu, er hann stundaði, þegar slysið varð.

Nú greiðir atvinnurekandi hinum slasaða kaup, sem er lægra en dagpeningum nemur, og skal þá einnig greiða dagpeninga, þó svo, að þeir að viðbættu kaupinu séu eigi hærri en bótaupphæðir laganna að viðbættum 25%. Um fasta starfsmenn sjá 64. gr.

78. gr. hljóðar svo:

Í hverju sveitarfélagi, þar sem reknar eru stofnanir þær, sem um getur í 76. gr., skal starfa heilsugæzlunefnd, sem annast stjórn og rekstur þeirra svo og rekstur sjúkrahúsa, sem sveitarfélögin eiga.

Heilsugæzlunefnd skal skipuð 3 eða 5 mönnum, eftir því sem sveitarstjórn ákveður, og kosin hlutfallskosningu af sveitarstjórn eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Nefndin kýs sér sjálf formann. Kjósa skal jafnmarga varamenn á sama hátt og til sama tíma.

Nú standa fleiri sveitarfélög en eitt að stofnunum þeim, er að framan greinir, og getur þá tryggingaráð ákveðið, að hlutaðeigandi sveitarfélög kjósi sameiginlega stjórnir þeirra.

Ef saman falla tryggingaumdæmi, sbr. 11. gr., og svæði þau, er umræddar stofnanir ná yfir, má tryggingaráð ákveða, að heilsugæzlunefnd skuli fara með störf trygginganefndar, sbr. 3. mgr. 11. gr.

85. gr. hljóðar svo:

Þeir, sem tryggðir eru samkvæmt lögum þessum, eiga rétt á að fá læknishjálp utan sjúkrahúsa hjá læknum, er starfa í þjónustu hinnar opinberu heilsugæzlu, sbr. 82. gr., gegn greiðslu eftir gjaldskrá, sem heilbrigðisstjórnin setur. Gjaldskrá þessi skal miðuð við það, að hún að meðaltali svari til $\frac{1}{4}$ af hæfilegri greiðslu.

Þegar svo stendur á, að fastir læknar, héraðslæknar og aukalæknar skv. 84. gr. eru eigi nægilega margir til þess að sjá fyrir fullnægjandi læknishjálp í lækni-héraði, getur Tryggingastofnunin til bráðabirgða samið við einstaka lækna eða félagsskap þeirra um að sjá hinum tryggðu fyrir læknishjálp.

Ef slíkir samningar takast ekki, getur Tryggingastofnunin ákveðið að greiða hinum tryggðu upp í kostnað við læknishjálp $\frac{3}{4}$ hluta miðað við gjaldskrá, er heilbrigðisstjórnin setur, eða sem samsvarar þrefaldri gjaldskrá fastra lækna.

Tryggingastofnunin getur ákveðið að greiða kostnað við tannlækningar ein-göngu vegna þeirra, sem eru innan 18 ára aldurs.

Tryggingastofnunin greiðir ekki læknishjálp umfram beina heilsufarslega nauðsyn, svo sem tannfyllingar með gulli, fegrunaraðgerðir og annað tilsvarendi, og skal í reglugerð setja ákvæði til að girða fyrir það.

Þegar í hlut eiga þeir, er njóta elli- og örorkulífeyris samkvæmt 13.—19. gr., börn þeirra, munaðarleysingar eða þeir, sem njóta slysabóta, sbr. 49.—58. gr., skal Tryggingastofnunin greiða fyrir þá læknishjálp, er þeim bæri að greiða samkvæmt gjaldskránni.

93. gr. hljóðar svo:

Tryggingastofnuninni er heimilt að greiða styrki upp í kostnað við sjúkrahjálp erlendis í sérstökum tilfellum. Slíkir styrkir skulu þó eigi greiddir nema sjúklingurinn veikist erlendis eða sé haldinn sjúkdómi, sem gildar ástæður mæla með að dómi tryggingayfirlæknis og sérfræðinganefndar, að bót fáist ráðin á erlendis, en ekki hér á landi.

94. gr. hljóðar svo:

Stofna skal læknisvitjana- og sjúkraflutningasjóði, einn fyrir hvert sveitarfélag eða hluta úr sveitarfélagi innan tryggingaumdæmis, þar sem aðstaða til læknisvitjana og sjúkraflutninga er svo erfið, að þess sé þörf að dómi tryggingaráðs.

Trygginganefnd umdæmisins stjórnar sjóðum þessum og veitir fé úr þeim og sendir Tryggingastofnuninni ársreikninga þeirra.

Sjóðir þessir myndast af árlegu framlagi úr tryggingasjóði, sem nemur 100000 krónum fyrir alla sjóðina samanlagt. Skiptist þessi heildarupphæð fyrst milli hinna einstöku tryggingaumdæma eftir tillögum landlæknis, og skal við þá skiptingu höfð hliðsjón af allri aðstöðu til læknisvitjana og sjúkraflutninga og enn fremur af fólksfjölda umdæmanna. Þegar hluti hvers tryggingaumdæmis hefur verið ákveðinn, skiptist hann milli hinna einstöku sjóða innan umdæmisins, og skal tryggingaráð við þá skiptingu fara eftir sömu reglum og segir í næsta málslið hér á undan og leita tillagna trygginganefndar umdæmisins um hana.

95. gr. hljóðar svo:

Auk sjóða þeirra, sem um getur í 94. gr., skal stofna sjóð, sem sé sameiginlegur fyrir allt landið, og skal hlutverk hans vera sem hér segir:

- a. Að taka þátt í að jafna halla, sem verða kann á einstökum læknisvitjana- og sjúkraflutningasjóðum, sbr. 96. gr., og
- b. að veita endurgreiðslur samkv. 97. gr. einstaklingum, sem verða fyrir tilfinnanlegum kostnaði vegna læknisvitjana eða sjúkraflutninga, en eiga ekki rétt til endurgreiðslu úr neinum læknisvitjana- eða sjúkraflutningasjóði.

Sjóður sá, sem um getur í þessari grein, myndast af árlegu framlagi úr tryggingasjóði að upphæð 100000 kr., og er honum stjórnað af Tryggingastofnuninni. Aldrei má verja meira en $\frac{2}{3}$ af sjóðnum til þeirra nota, sem ákveðin eru í staflið a, og aldrei meira en $\frac{1}{3}$ til þeirra nota, sem ákveðin eru í staflið b.

111. gr. hljóðar svo:

Iðgjöld, sem veitt er undanþága fyrir samkvæmt 109. og 110. gr., teljast ekki vangreidd iðgjöld, sbr. 132. gr.

113. gr. hljóðar svo:

Auk iðgjalds samkvæmt 112. gr. skulu allir þeir, sem gjaldskyldir eru samkvæmt henni, einnig greiða sérstakt áhættuiðgjald til þess að standast útgjöld vegna slysa-bóta, sbr. 45.—58. gr., og kostnað vegna nauðsynlegrar sjúkrahjálpar umfram þá, sem látin er í té samkvæmt III. kafla laga þessara.

Upphæð áhættuiðgjalda ber að miða við slysaárettuna. Skal skipta störfum og starfsgreinum í áhættuflokka og ákveða sérstök iðgjöld fyrir hvern flokk. Starfstíminn er talinn í vikum, og telst vikan eining við iðgjaldaákvörðunina. Sé um tímavinnu að ræða, teljast 48 klukkustundir í viku. Skal við ákvörðun iðgjaldanna miða við, að þau hrökkvi fyrir þeim bótum og kostnaði, sem Tryggingastofnuninni ber að greiða vegna slysa. Ef erfitt er að skipta starfseminni í áhættuflokka samkvæmt framansögðu, getur Tryggingastofnunin þó ákveðið meðaliðgjald fyrir allt fyrirtækið.

Um skiptingu í áhættuflokka og iðgjöld fyrir hvern flokk skal ákveðið með reglugerð, er ráðherra setur að fengnum tillögum Tryggingastofnunarinnar.

114. gr. hljóðar svo:

Öll sveitarfélög á landinu skulu greiða til tryggingasjóðs samtals $4\frac{1}{2}$ millj. kr. á ári. Greiðslur sveitarfélaga samkvæmt 109. gr. teljast ekki í framlagi þessu, ekki heldur framlag þeirra til læknisvitjunarsjóðs, sbr. 94. gr.

Framlagi þessu skal skipta niður á tryggingaumdæmi þau, sem ákveðin verða samkvæmt 11. gr., á eftirfarandi hátt:

1. Tveimur fimmtu hlutum framlagsins skal skipta niður í beinu hlutfalli við samanlögð útgjöld Tryggingastofnunarinnar í hverju tryggingaumdæmi fyrir sig.
2. Tveimur fimmtu hlutum í hlutfalli við skattskyldar tekjur einstaklinga og félaga í umdæminu samkvæmt síðasta skattaframtali.
3. Einum fimmta hluta í hlutfalli við tölu íbúa á aldrinum 16—67 ára í umdæminu.

Innan hvers tryggingaumdæmis skiptist framlagið á milli þeirra sveitarfélaga, sem eru á svæðinu, ef fleiri eru en eitt, eftir þessum reglum:

1. Einn þriðji skiptist í beinu hlutfalli við skattskyldar tekjur einstaklinga og félaga í sveitarfélaginu árið áður.
2. Einn þriðji í hlutfalli við fasteignamat allra eigna í sveitarfélaginu.
3. Einn þriðji skiptist í hlutfalli við fjölda íbúa á aldrinum 16—67 ára í sveitarfélaginu.

Ef sveitarfélagi hefur verið skipt á milli fleiri en eins tryggingaumdæmis, greiðast framlög af hverjum hluta sveitarfélagsins eftir reglum þess tryggingaumdæmis, er hann fylgir.

116. gr. hljóðar svo:

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu bóta og kostnaðar af heilsugæzlu samkvæmt lögum þessum og leggur fram til tryggingasjóðs það, sem á vantar, að aðrar tekjur hans nægi til þess að inna af höndum árlegar greiðslur. Skal taka í hver fjárlög áætlunarupphæð í þessu skyni eftir áætlun tryggingaráðs, allt að 7½ millj. kr. að viðbættri verðlagsuppbót.

Ábyrgð ríkissjóðs umfram hámark hins árlega framlags samkvæmt 1. málsg. tekur þó eigi til hærri fjárhæðar en 75% framlagsins nemur.

Nú verður halli á rekstri tryggingasjóðs og framlag ríkissjóðs fer fram úr hámarki samkvæmt 1. málsg., svo að taka þarf til þriðjungs eða meira af ábyrgðarupphæðinni samkvæmt 2. málsg., og getur þá ríkisstjórnin, ef hallinn stafar af ástæðum, sem ætla má að verði varanlegar, lagt fyrir tryggingaráð að hækka iðgjöld samkvæmt 107. og 112. gr. um allt að 10% og lækka tekjumark það, er lífeyrisfrádráttur samkvæmt 1. bráðabirgðaákvæði miðast við, um allt að 50% til þess að jafna hallann. Fáist hallinn ekki jafnaður á þann hátt, skal ríkisstjórnin í samráði við tryggingaráð leggja fyrir Alþingi tillögur um endurskoðun laganna.

127. gr. hljóðar svo:

Gera skal tryggingarskirteini fyrir alla þá, sem skráðir eru samkvæmt 126. gr. Á skirteini þessi skal skrá öll helztu réttindi, er menn njóta samkvæmt lögum þessum, takmarkanir á réttindum vegna vanskila á iðgjöldum, sbr. 132. gr., og undanþágur frá iðgjaldagreiðslum, sbr. 109.—110. gr.

Tryggingarskirteini skulu afhent í janúarmánuði ár hvert, eftir nánari ákvörðun Tryggingastofnunarinnar. Í fyrsta sinn skulu skirteinin þó afhent í desembermánuði 1946 og gilda þá frá áramótum þar til ný afhending hefur farið fram, sbr. 128. gr.

Í fyrsta sinn sem tryggingarskirteini eru afhent, sbr. 2. mgr., skulu allir iðgjaldsgreiðendur, sbr. 105. gr., greiða sérstakt skirteinagjald, er nemi kr. 40.00 fyrir karla 21 árs og eldri og kr. 25.00 fyrir konur og fyrir karla innan 21 árs. Gjald þetta greiðist beint til Tryggingastofnunarinnar eða umboðsmanna hennar.

128. gr. hljóðar svo:

Tryggingarskirteini gilda frá og með 1. janúar það ár, sem afhending fer fram, og til loka þess árs. Skal ætíð sýna skirteinið, þegar leitað er eftir bótagreiðslum eða sjúkrahjálpi. Óheimilt er að veita hlunnindi samkv. lögum þessum, nema skirteini sýni, að hlutaðeigandi eigi rétt til þeirra, sbr. og 132. gr.

132. gr. hljóðar svo:

Um þá, sem sjálfir eiga að greiða iðgjöld sín, en hafa vanrækt það, gilda eftirfarandi reglur:

- a. Réttur til sjúkrabóta, sbr. 39.—43. gr., og sjúkrahjálpar, sbr. III. kafla, skerðist um sama hundraðshluta og vangreidd iðgjöld á næsta tryggingarári á undan nema af heildariðgjöldum ársins. Gildir þetta einnig fyrir konu hins tryggða og börn hans innan 16 ára aldurs. Réttindaskerðingar þessarar skal getið á tryggingaskirteinum þeim, sem um getur í 127. gr. Nú ber að greiða iðgjöld mánaðarlega, og getur þá Tryggingastofnunin ákveðið, að réttur til sjúkrabóta og sjúkrahjálpar falli niður, ef vanskil verða á iðgjöldum lengur en einn mánuð. Þar, sem ekki er mánaðarleg innheimta, skal og vera heimilt að fella niður réttindi þessi einum mánuði eftir gjalddaga iðgjalda, ef vanskil verða.

- b. Ellilífeyri og örorkulífeyri getur Tryggingastofnunin lækkað um allt að sama hundraðshluta og hin vangreiddu iðgjöld nema af þeim heildariðgjöldum, er hlutaðeiganda hefur borið að greiða.
- c. Aðrar bætur en þær, sem um ræðir undir staflið a. og b., getur Tryggingastofnunin lækkað um allt að sama hundraðshluta og hin vangreiddu iðgjöld eru af þeim iðgjöldum, er bar að greiða. Skal Tryggingastofnunin hafa hliðsjón af öllum efnahagsástæðum umsækjanda við slíka úrskurði. Er honum skylt að gefa Tryggingastofnuninni allar nauðsynlegar upplýsingar um fjárhag sinn, ef hann sækir um fullar bætur. Aldrei skal þó lækka fæðingarstyrk, sbr. 34. gr., bætur samkv. 35. gr. né slysbætur samkv. II. kafla laganna.

136. gr. hljóðar svo:

Öll iðgjöld, sem um ræðir í lögum þessum, önnur en fyrir tryggingar samkvæmt 135. gr., koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

140. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1947 (sbr. þó 10. tölul. ákvæða til bráðabirgða), en ákvæði II. kafla um sjúkrabætur koma þó ekki til framkvæmda fyrr en 1. júlí 1947 og ákvæði III. kafla (heilsugæzla) ekki fyrr en 1. janúar 1948.

Með lögum þessum eru úr gildi numin:

1. L. nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar, IV.—VII. kafla.
 2. L. nr. 92 14. maí 1940, um breyting á lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar, 16.—20. gr.
 3. L. nr. 56 27. júní 1941, um viðauka við og breytingar á lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.
 4. L. nr. 104 30. des. 1943, um breyting á I.—III. kafla laga um alþýðutryggingar. Þó heldur III. kafla þeirra laga gildi sínu, þar til III. kafla þessara laga kemur til framkvæmda.
 5. L. nr. 105 30. des. 1943, um breyting á lögum nr. 56 27. júní 1941, um viðauka við og breytingar á lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.
 6. L. nr. 64 1. des. 1944, um heilsuverndarstöðvar, þó ekki fyrr en III. kafla þessara laga kemur til framkvæmda.
 7. Framfærslulög, nr. 52 12. febrúar 1940, III. kafla.
- Enn fremur þau ákvæði laga nr. 46 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, og laga nr. 78 23. júní 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og ör-kumla, svo og öll önnur lög eða lagaákvæði, sem í bága fara við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða hljóða svo:

1. Greiðslur ellilífeyris samkv. 15. gr., örorkulífeyris samkv. 18. gr. og barnalífeyris samkv. 20. gr. eru um næstu 5 ár háðar þeim takmörkunum, sem hér segir:

Fullur elli- og örorkulífeyrir samkv. 15. gr. skal því aðeins greiddur, að aðrar tekjur hlutaðeiganda fari ekki fram úr fullum lífeyri. Séu tekjurnar hærri, lækkar lífeyririnn um helming þess, sem umframtekjurnar nema, og fellur niður, þegar þær ásamt lífeyrinum hafa náð upphæð, sem er jafnhá þreföldum lífeyri.

Heimilt er ríkisstjórninni að ákveða með reglugerð takmörkun á lífeyri barna, sem hafa sjálfstæðar tekjur, barna ekkna og barna örorku- og lífeyrisþega. Þó má ekki takmarka þessar greiðslur meira en svo, að lífeyrir og aðrar tekjur nái hámarksupphæð þeirri, sem næsta málsgrein hér á undan ákveður, að viðbættum fullum barnalífeyri.

Takmörkun þessi skal miðast við síðasta skattaframtal bótaþega. Færi hann gild rök fyrir því, að tekjur hans rýrni verulega á því ári, sem bæturnar eiga að greiðast, skal taka tillit til þess við ákvörðun bótanna.

2. Meðan vísitala kauplagnesfndar er 110 eða hærri, skal greiða verðlagsuppbót á allar bótaupphæðir samkvæmt II. kafla og á framlag Tryggingastofnunarinnar til læknisvitjana- og sjúkraflutningasjóðs samkv. 94. og 95. gr. Enn fremur skulu iðgjöld samkv. 107. og 112. gr. innheimt með álagi samkvæmt meðalvísitölu næsta árs á undan, svo og framlag sveitarfélaga samkv. 114. gr. og ríkissjóðs samkv. 116. gr. Með reglugerð má ákveða, að öll iðgjöld skuli lögð á og innheimt í heilum krónum.
3. Meðan ekki eru sett lög um opinbera aðstoð til öryrkja, sem misst hafa 50—75% starfsorku sinnar, er Tryggingastofnuninni heimilt að verja úr tryggingasjóði allt að 400 þús. kr. auk verðlagsuppbótar á ári til styrktar slíkum mönnum, eftir reglum, er tryggingaráð setur og ráðherra staðfestir.
4. Ákvæði 19. gr. laga nr. 104 30. des. 1943 gilda framvegis að því er varðar stríðs-slysabætur.
5. Það er borgaraleg skylda að veita Tryggingastofnuninni alla nauðsynlega aðstoð við skráningu þá, er fram skal fara samkv. 126. gr. eftir gildistöku þessara laga.
6. Þar, sem saman falla tryggingaumdæmi og umdæmi sjúkrasamlaga, sbr. 28. og 29. gr. laga nr. 104 30. des. 1943, um breytingar á I.—III. kafla laga um alþýðu-tryggingar, skulu stjórnir sjúkrasamlaganna hver í sínu umdæmi annast störf heilsugæzlunefnda samkv. 78. gr. og gegna þeim þar til kosning heilsugæzlunefnda hefur farið fram að afstöðnum næstu sveitarstjórnarkosningum eftir gildistöku laganna.
 Þar, sem sjúkrasamlög hafa verið starfandi í öllum sveitarfélögum í tryggingaumdæmi, getur ráðherra ákveðið, að stjórnir þeirra skuli sameiginlega kjósa heilsugæzlunefnd umdæmisins til sama tíma og í 1. málsg. segir, eftir reglum, sem ráðherra setur.
7. Eins fljótt og verða má skal ríkisstjórnin láta fram fara rannsókn á raunverulegum framfærslukostnaði á hæfilega mörgum stöðum á landinu. Að þeirri rannsókn lokinni og eigi síðar en fyrir árslok 1950 skal endurskoða ákvæðin um bótaupphæðir og skiptingu í verðlagssvæði með hliðsjón af niðurstöðum þessarar rannsóknar.
8. Á árinu 1946 skal ríkisstjórnin láta fram fara endurskoðun á framfærslulögum nr. 52 1940, lögum um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, nr. 46 1921, lögum um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, nr. 78 1936, svo og lögum um tekju- og eignarskatt, nr. 6 1935, sbr. l. nr. 20 1942, og öðrum þeim lögum, sem þörf er á að samræma ákvæðum þessara laga, og leggja árangur endurskoðunarinnar fyrir Alþingi.
9. Á meðan ákvæði III. kafla laga þessara koma ekki til framkvæmda, er ríkisstjórninni heimilt, að fengnum tillögum tryggingaráðs, að lækka iðgjöld skv. 107. gr. um allt að 30%, þó aldrei meira en sjúkrasamlagsiðgjaldi gjaldanda nemur. Þar, sem ekki er sjúkrasamlag, skal slík iðgjaldalækkun nema sjúkrasamlagsiðgjaldi eins og það er lægst á landinu.
10. Kosning tryggingaráðs samkv. 6. gr. skal í fyrsta sinn fram fara á Alþingi því, er setur þessi lög, og gildir sú kosning þar til að afstöðnum öðrum almennum alþingiskosningum eftir staðfestingu laganna. Um leið og kosið er tryggingaráð í fyrsta sinn, fellur niður umboð tryggingaráðs þess, er kosið var til 31. des. 1947, samkv. 7. gr. laga nr. 104 1943.
 Þau ákvæði í lögum þessum, er varða undirbúning framkvæmda samkvæmt þeim, svo sem ákvæði 2. mgr. 6. gr., 11. gr., 126. og 127. gr., skulu koma í gildi á árinu 1946 eftir ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

Sp.

972. Nefndarálit

um till. til þál. um ríkisaðstoð til bæjar- og hreppsfélaga til togarakauða.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar.

Málið var rætt og afgreitt á einum fundi. Meiri hl. (GÍG, StgrA, ÞB, SkG, BK, HelgJ og SK) leggur til, að tillagan verði samþ. og gefur því út meirihlutaálit. 1. minni hl. (PO) vildi ekki fylgja till. og skilar þá einnig séráliti. 2. minni hl. (GJ) vildi gera viðtækar breytingar á tillögunni og leggur því til, að hún verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast lán, sem bæjar- og hreppsfélög kynnu að taka til kaupa á togurum þeim, sem ríkisstjórnin er nú að láta smíða í Bretlandi, ef þau með því óska að koma á hjá sér togaraútgerð.

Ábyrgðin er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. að viðkomandi bæjar- eða hreppsfélag þarfnist fjárhagsstuðnings að dómi ríkisstjórnarinnar fram yfir þau lán, sem stofnlánadeildin veitir út á 1. veðrétt i skipunum;
2. að lánsupphæðin fari eigi yfir 10% af kostnaðarverði skipanna, enda sé lánið einnig tryggt með 2. veðrétti i skipunum og uppfærslurétti á eftir stofnlánadeildarláninu;
3. að lánskjörin séu hagkvæm að dómi ríkisstjórnarinnar;
4. að staðurinn sé hentugur fyrir togaraútgerð að dómi ríkisstjórnarinnar;
5. að viðkomandi skip verði gert út af bæjar- eða hreppssjóði, félögum eða einstaklingum, sem njóta gagnábyrgðar bæjar- eða hreppsfélaga;
6. að ríkisstjórninni sé heimilt að setja eftirlit með útgerðinni.

Þyki ríkisstjórninni hagkvæmara að taka fyrir hönd ríkissjóðs allt að 3 millj. króna lán til þessara framkvæmda, er henni það heimilt, og má hún þá lána það fé til viðkomandi bæjar- og hreppsfélaga gegn ákvæðum 1.—2. og 4.—6. tölul. hér að ofan. Slík lán mega vera afborgunarlaus í 2 ár, en greiðast síðan upp á 10 árum. Vextir verði eigi yfir 4%.

Alþingi, 24. apríl 1946.

Gisli Jónsson,
form.

Sp.

973. Þingsályktun

um endurbyggingu brúarinnar á Þjórsá.

(Afgreidd frá Sp. 24. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir næsta Alþingi tillögur og kostnaðaráætlun um byggingu nýrrar brúar á Þjórsá í stað þeirrar, sem nú er.

Nd. 974. Breytingartillaga

við frv. til l. um húsmæðraskóla.

Frá Jóni Sigurðssyni.

Við ákvæði til bráðabirgða. Fyrir orðin í niðurl. greinarinnar „þar til fyrirhugaður húsmæðraskóli í Varmahlíð tekur til starfa“ komi: þar til fyrirhugaður húsmæðraskóli Skagfirðinga tekur til starfa.

Nd. 975. Breytingartillaga

við frv. til l. um almannatryggingar.

Frá Eysteini Jónssyni.

Við 112. grein. Síðari másl. orðist svo: Við ákvörðun þessa iðgjalds og áhættu-iðgjalds samkv. 113. grein skal þó ekki telja með þá vinnu, sem unnin er af börnum, foreldrum eða systkinum vinnuveitanda.

Nd. 976. Breytingartillögur

við frv. til l. um almannatryggingar.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

1. Við 11. gr. Aftan við 2. mgr. bætist: eftir ákvörðun tryggingaráðs.
2. Við 42. gr. Síðasti másl. b-liðar orðist þannig: Þó skulu þeir framleiðendur, sem húa við þær aðstæður, að atvinnurekstur þeirra hvílir aðallega á eigin vinnu, eiga rétt til sjúkrabóta á sama hátt og launþegar samkv. a-lið, ef hlut-aðeigandi fer á sjúkrahús að læknisráði, atvinnurekstur hans stöðvast, eða sannað er, að tekjur hans hafi vegna veikindanna rýrnað svo, að hann falli undir ákvæði 2. mgr. 39. gr.
3. Við ákvæði til bráðabirgða. Aftan við ákvæðin komi nýr liður, er verði 11. liður, þannig:
Til ársloka 1947 skulu stjórnir sjúkrasamlaga í kaupstöðum utan Reykjavíkur annast störf trygginganefnda samkv. 11. gr. og jafnframt annast skrifstofuhald og umboðsstörf fyrir Tryggingastofnunina, samkv. samningum, er tryggingaráð samþykkir.

Nd. 977. Breytingartillögur

við frv. til l. um almannatryggingar.

Frá Skúla Guðmundssyni.

1. Við 9. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
Vinnuveitendafélag Íslands, Stéttarsamband bænda og Alþýðusamband Íslands skipa hvert um sig einn mann, o. s. frv.
2. Við 64. gr. Greinin falli burt.

Nd.

978. Lög

um heitumál.

(Afgreidd frá Nd. 24. apríl.)

Samhljóða þskj. 947.

Sp.

979. Nefndarálit

um till. til þál. um rafveitu Norðurlands.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin ræddi þetta mál ásamt hliðstæðum þáltill. á þskj. 462 og 464 á nokkrum fundum, auk þess sem málið var einnig rætt við samgöngumálaráðherra. Þá voru till. og sendar til Rafmagnseftirlits ríkisins til umsagnar. Að fenginni þeirri um-sögn varð nefndin sammála um að leggja til, að tillagan yrði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta svo fljótt sem unnt er ljúka áætlunum um byggingu raforkuvera og raforkuveitna til þess að fullnægja raforkuþörf landsmanna hvarvetna á landinu, og sé stefnt að því, að þessum áætlunum verði lokið eigi síðar en á miðju ári 1947.

2. Í stað „rafveitu Norðurlands“ í fyrirsögn komi: rafveitumál.

Alþingi, 24. apríl 1946.

Gisli Jónsson, form., frsm.	Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.	Skúli Guðmundsson, með fyrirvara.
Steingr. Aðalsteinsson.	Þórður Benediktsson.	B. Kristjánsson, með fyrirvara.
Sig. Kristjánsson, með fyrirvara.	Helgi Jónasson, með fyrirvara.	Pétur Ottesen.

Ed.

980. Frumvarp til laga

um almannatryggingar.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 820 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Ríkisstjórnin hefur yfirumsjón með starfsemi Tryggingastofnunarinnar og setur reglugerðir samkvæmt lögum þessum.

5. gr. hljóðar svo:

Forstjóri stjórnar stofnuninni í samræmi við lög, reglugerðir og erindisbréf, er honum verður sett, og í samráði við formann tryggingaráðs, sbr. 8. gr. Hann afgreiðir mál í samráði við hlutaðeigandi deildarstjóra eða felur þeim afgreiðslu ákveðinna mála, en ber sjálfur ábyrgð á ákvörðunum og úrskurðum.

Forstjóri getur falið sama deildarstjóra forstöðu fleiri en einnar deildar.

6. gr. hljóðar svo:

Tryggingaráð, skipað 5 mönnum, skal fara með störf þau, sem því eru falin með lögum þessum. Skal það kosið hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar, og jafnmargir varamenn. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna kjörnu.

Sérstök nefnd þriggja sérfróðra manna skal vera tryggingaráði til aðstoðar og ráðuneytis um læknisfræðileg atriði og framkvæmd heilsugæzlu samkvæmt III. kafla. Í nefnd þessari eiga sæti landlæknir, sem er formaður hennar, og tveir menn, er ríkisstjórnin skipar til 4 ára í senn, annan samkv. tilnefningu Læknafélags Íslands og Læknafélags Reykjavíkur í sameiningu og hinn samkvæmt tilnefningu læknadeildar háskólans. Varamenn fyrir tvo hina síðartöldu skulu skipaðir með sama hætti til sama tíma.

Nú láta læknafélögin eða læknadeild háskólans undir höfuð leggjast að tilnefna mann af sinni hálfu í nefndina samkv. 2. málsg. og skipar þá ráðherra án tilnefningar mann eða menn í þeirra stað.

7. gr. hljóðar svo:

Hlutverk tryggingaráðs er að hafa eftirlit með fjárhag, rekstri og starfsemi Tryggingastofnunarinnar og gæta þess, að hún starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma. Fjárhagsáætlun stofnunarinnar fyrir ár hvert skal jafnan samín í samráði við tryggingaráð. Einnig skal leita samþykkis ráðsins á öllum heildarsamningum við lækna, sjúkrahús, heilsuverndar- og lækningastöðvar, en að undirbúningi slíkra samninga starfar sérfræðinganefndin, sbr. 6. gr., með forstjóra Tryggingastofnunarinnar og formanni tryggingaráðs.

Ef ágreiningur ris um bætur samkv. II. kafla eða hlunnindi samkv. III. kafla, leggur tryggingaráð úrskurð á þau mál. Leita skal þó jafnan álits sérfræðinganefnar, áður en úrskurðað er um atriði, er varðar heilsugæzlu samkvæmt III. kafla eða læknisfræðileg atriði, er áhrif hafa á bótagreiðslur.

Nú sættir aðili sig ekki við úrskurð tryggingaráðs, og getur hann þá leitað dómsúrskurðar um málið.

8. gr. hljóðar svo:

Formaður tryggingaráðs skal fylgjast með daglegri starfsemi stofnunarinnar og kynna sér alla afgreiðslu mála. Ef um er að ræða bótagreiðslur, sem ekki eru fastákveðnar, en inntar af hendi samkv. heimildarákvæðum, er skylt að leggja þau atriði fyrir formann ráðsins, en hann kynnir sér allar aðstæður. Skal afgreiðsla slíkra mála jafnan borin undir tryggingaráð, ef formaður óskar þess. Hann skal og vinna að undirbúningi fjárhagsáætlunar stofnunarinnar með forstjóra og að öllum meiri háttar samningsgerðum.

9. gr. hljóðar svo:

Vinnuveitendafélag Íslands og Alþýðusamband Íslands skipa hvort um sig einn mann, sem hefur rétt til að taka þátt í umræðum tryggingaráðs og gera tillögur, þegar skipt er í áhættuflokka og ákveðin iðgjöld atvinnurekenda til slysatrygginga skv. 113. gr. Skal Tryggingastofnuninni skylt að láta þeim í té allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru vegna þessa starfs.

10. gr. hljóðar svo:

Ráðherra setur nánari reglur um störf og skyldur tryggingaráðs og sérfræðinganefnar og ákveður þóknun ráðsmanna og nefndarmanna svo og sérstaka aukaþóknun til formanns tryggingaráðs.

11. gr. hljóðar svo:

Skipta skal landinu í tryggingaumdæmi, eftir því sem hagkvæmt þykir, og skal við ákvörðun umdæma höfð hliðsjón af skipun læknishéraða og lögsagnarumdæma.

Tryggingastofnunin hefur skrifstofur eða umboðsmenn á þeim stöðum, sem bezta henta og þörf krefur eftir ákvörðun tryggingaráðs.

Í hverju tryggingaumdæmi skal starfa fimm manna trygginganefnd, kosin hlutfallskosningu af sveitarstjórnnum umdæmisins á sameiginlegum fundi, er halda skal eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Nefndin kys sér sjálf formann. Kjósa skal á sama hátt og til sama tíma jafnmarga varamenn.

Kjörtímabil trygginganefnda er hið sama og sveitarstjórna. Ef sveitarfélagi er skipt milli tveggja eða fleiri tryggingaumdæma, tekur sveitarstjórn þess þátt í kosningu trygginganefndar í því umdæmi, þar sem flestir af íbúum sveitarfélagsins eiga heima.

Hlutverk trygginganefnda er að fylgjast með rekstri trygginganna í umdæminu, gera tillögur um framkvæmd þeirra, gæta hagsmuna hinna tryggðu og benda á atriði, er mættu verða til sparnaðar í rekstri trygginganna.

Á fundi sveitarstjórna, sem haldinn er skv. 3. mgr., skal ákveða þóknun hinna kjörnu nefndarmanna, og greiðist hún ásamt kostnaði við störf þeirra af hlutaðeigandi sveitarfélögum eftir reglum, er fundurinn setur.

Ráðherra setur nefndum þessum nánari starfsreglur.

19. gr. hljóðar svo:

Tryggingayfirlæknir úrskurðar örorkustig þeirra, sem sækja um örorkulífeyri. Slikum úrskurðum má áfrýja til sérfræðinganefndar, sbr. 6. og 7. gr.

Tryggingastofnunin getur hvenær sem er látið endurmeta örorku þeirra, sem fengið hafa örorkulífeyri, ef líkur þykja til, að þeir séu eigi lengur öryrkjar, sbr. 2. mgr. 18. gr.

27. gr. hljóðar svo:

Mæður, sem fá úrskurð yfirvalds um barnalífeyri með óskilgetnum börnum sínum, geta snúið sér til Tryggingastofnunarinnar með úrskurðinn og fengið lífeyrinn greiddan þar.

Þegar Tryggingastofnunin greiðir barnalífeyri samkv. 1. mgr., á hún endurkröfurétt á hendur föðurnum, og fer um innheimtu slíkrar kröfu eftir ákvæðum 117. gr.

Verði vanskil af hálfu föðurins, skal innheimta kröfuna hjá dvalarsveit móðurinnar eða þess, er framfærslu barnsins annast í hennar stað, nema Tryggingastofnunin kjósi heldur að innheimta hana beint frá framfærslusveit föðurins, og telst fjárhæðin framfærslustyrkur veittur honum. Um rétt dvalarsveitar á hendur framfærslusveit og framfærslusveitar á hendur barnsföður fer samkvæmt ákvæðum framfærslulaga.

Nú deyr faðir óskilgetins barns, áður en barnið hefur náð 16 ára aldri, og greiðir þá Tryggingastofnunin barnalífeyri engu að síður, en getur þá jafnframt gert kröfu í dánarbú hins látna samkv. reglum 25. gr. 1. nr. 46 27. júní 1921.

40. gr. hljóðar svo:

Sjúkrabætur skulu vera:

Fyrir kvænta karla, þegar konan vinnur eigi utan heimilis eða er atvinnulaus	Á 1. verðlagssvæði	Á 2. verðlagssvæði
Fyrir aðra	kr. 6.00 á dag	kr. 5.00 á dag
	— 5.00 —	— 4.00 —

Giftar konur fá því aðeins greiddar sjúkrabætur, að þær færi sönnur á, að maður þeirra geti ekki séð þeim farborða.

Þegar sjúkrabætur eru greiddar, er auk hinna venjulegu fjölskyldubóta samkv. 30.—32. gr. einnig greitt með þremur fyrstu börnunum í hverri fjölskyldu, sbr. 1. mgr. 31. gr.

Sjúkrabætur mega aldrei fara fram úr $\frac{3}{4}$ þess, sem hinn sjúki hefur misst í af tekjum sínum vegna sjúkdómsins.

42. gr. hljóðar svo:

Í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem lækna starfa, skal greiða sjúkrabætur sem hér segir:

- a) Þeir, sem starfa í annarra þjónustu, skulu eiga rétt á sjúkrabótum frá og með 11. veikindadegi og í allt að 26 vikur samtals á einu ári, enda sé þeim ekki greitt kaup þennan tíma. Tryggingaráði er þó heimilt að ákveða, að bætur skuli greiddar lengur, einkum ef veikindi stafa af slysförum og óvíst er, hvort um varanlega örorku verður að ræða. Sjúkrabætur eru ekki greiddar, nema hlutaðeigandi hafi verið óvinnufær lengur en 14 daga.

Nú greiðir atvinnurekandi hinum sjúka kaup, sem er lægra en sjúkrabótum nemur, og skal þá einnig greiða sjúkrabætur, þó svo, að þær að viðbættu kaupinu séu eigi hærrí en bótaupphæðir laganna að viðbættum 25 af hundraði. Um fasta starfsmenn sjá ákvæði 64. greinar.

- b) Þeir, sem starfa sjálfstætt eða hafa launþega í þjónustu sinni, eiga rétt á bótum frá og með sjöttu sjúkravíku í allt að 26 vikur samtals á einu ári, enda geti þeir sýnt fram á, að tekjur þeirra hafi minnkað verulega vegna veikindanna. Skal tryggingaráð setja nánari reglur um greiðslu sjúkrabóta til slíkra manna með hliðsjón af ákvæðum 2. mgr. 39. gr. Þó skulu þeir framleiðendur, sem búa við þær aðstæður, að atvinnurekstur þeirra hvílir aðallega á eigin vinnu, eiga rétt til sjúkrabóta á sama hátt og launþegar samkv. a-lið, ef hlutaðeigandi fer í sjúkrahús að lækni ráði, atvinnurekstur hans stöðvast eða sannað er, að tekjur hans hafi vegna veikindanna rýrnað svo, að hann falli undir ákvæði 2. mgr. 39. gr.

Sjúkrabætur falla niður þann dag, sem hinn tryggði verður vinnufær, enda þótt hann taki ekki til starfa eða vanræki að segja frá bata sínum.

43. gr. hljóðar svo:

Után þeirra staða, sem um ræðir í 42. gr., skulu sömu reglur gilda og þar segir (stafl. a og b), en sjúkrabætur eru því aðeins greiddar, að hinn sjúki liggi í sjúkrahúsi eða hafi verið rúmfastur. Hámarkstími sjúkrabóta samkvæmt þessari grein er einnig 26 vikur á einu ári.

Ef sannað er, að hinn veiki hafi orðið að taka mann í þjónustu sína vegna sjúkleikans, getur Tryggingastofnunin greitt honum bætur, þótt hann hafi eigi legið rúmfastur.

44. gr. hljóðar svo:

Skyld er þeim, sem sækja um sjúkrabætur, að tilkynna Tryggingastofnuninni veikindi með lækni svottorði, áður en 10 dagar eru liðnir, frá því er sjúkdómurinn olli óvinnuhæfni, ella miðast biðtíminn við þann dag, sem tilkynning barst. Upphaf biðtímans miðast við þann dag, sem lækni var fyrst vitjað eða sjúklingurinn fluttur í sjúkrahús, og fylgi vottorð tveggja valinkunnra manna um, að sjúkralegan hafi verið óslitin.

Þegar veikindi hafa verið tilkynnt, getur Tryggingastofnunin látið lækni rannsaka heilsufar hins tryggða eða fylgt með því á annan hátt. Ef maður vanrækir að fara að ráðum lækni, missir hann rétt til bótanna, meðan svo stendur.

Sama verður, ef hann neitar að hlíta fyrir mælum um þátttöku í þjálfun eða starfsnámi, sem flýtt gæti bata hans eða búið hann undir nýtt starf.

53. gr. hljóðar svo:

Dagpeningar eru kr. 7.50 á dag.

Þegar dagpeningar eru greiddir, er auk hinna venjulegu fjölskyldubóta, sbr. 30.—32. gr., einnig greitt með þremur fyrstu börnunum í hverri fjölskyldu.

Bótageiðslur samkv. 1. og 2. mgr. þessarar gr. skulu aldrei fara fram úr $\frac{3}{4}$ af dagkaupi bótaþega við þá atvinnu, er hann stundaði, þegar slysið varð.

Nú greiðir atvinnurekandi hinum slasaða kaup, sem er lægra en dagpeningum nemur, og skal þá einnig greiða dagpeninga, þó svo, að þeir að viðbættu kaupinu séu eigi hærri en bótaupphæðir laganna að viðbættum 25%. Um fasta starfsmenn sjá 64. gr.

78. gr. hljóðar svo:

Í hverju sveitarfélagi, þar sem reknar eru stofnanir þær, sem um getur í 76. gr., skal starfa heilsugæzlunefnd, sem annast stjórn og rekstur þeirra svo og rekstur sjúkrahúsa, sem sveitarfélögin eiga.

Heilsugæzlunefnd skal skipuð 3 eða 5 mönnum, eftir því sem sveitarstjórn ákveður, og kosin hlutfallskosningu af sveitarstjórn eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Nefndin kys sér sjálf formann. Kjósa skal jafnmarga varamenn á sama hátt og til sama tíma.

Nú standa fleiri sveitarfélög en eitt að stofnunum þeim, er að framan greinir, og getur þá tryggingaráð ákveðið, að hlutaðeigandi sveitarfélög kjósi sameiginlega stjórnir þeirra.

Ef saman falla tryggingaumdæmi, sbr. 11. gr., og svæði þau, er umræddar stofnanir ná yfir, má tryggingaráð ákveða, að heilsugæzlunefnd skuli fara með störf trygginganefndar, sbr. 3. mgr. 11. gr.

85. gr. hljóðar svo:

Þeir, sem tryggðir eru samkvæmt lögum þessum, eiga rétt á að fá læknishjálp utan sjúkrahúsa hjá læknum, er starfa í þjónustu hinnar opinberu heilsugæzlu, sbr. 82. gr., gegn greiðslu eftir gjaldskrá, sem heilbrigðisstjórnin setur. Gjaldskrá þessi skal miðuð við það, að hún að meðaltali svari til $\frac{1}{4}$ af hæfilegri greiðslu.

Þegar svo stendur á, að fastir lækna, héraðslækna og aukalækna skv. 84. gr. eru eigi nægilega margir til þess að sjá fyrir fullnægjandi læknishjálpi í lækni-héraði, getur Tryggingastofnunin til bráðabirgða samið við einstaka lækna eða félagsskap þeirra um að sjá hinum tryggðu fyrir læknishjálpi.

Ef slíkir samningar takast ekki, getur Tryggingastofnunin ákveðið að greiða hinum tryggðu upp í kostnað við læknishjálpi $\frac{3}{4}$ hluta miðað við gjaldskrá, er heilbrigðisstjórnin setur, eða sem samsvarar þrefaldri gjaldskrá fastra lækna.

Tryggingastofnunin getur ákveðið að greiða kostnað við tannlækningar eingöngu vegna þeirra, sem eru innan 18 ára aldurs.

Tryggingastofnunin greiðir ekki læknishjálpi umfram beina heilsufarslega nauðsyn, svo sem tannfyllingar með gulli, fegrunaraðgerðir og annað tilsvarendi, og skal í reglugerð setja ákvæði til að girða fyrir það.

Þegar í hlut eiga þeir, er njóta elli- og örorkulífeyris samkvæmt 13.—19. gr., börn þeirra, munaðarleysingar eða þeir, sem njóta slysabóta, sbr. 49.—58. gr., skal Tryggingastofnunin greiða fyrir þá læknishjálpi, er þeim bæri að greiða samkvæmt gjaldskránni.

93. gr. hljóðar svo:

Tryggingastofnuninni er heimilt að greiða styrki upp í kostnað við sjúkrahjálpi erlendis í sérstökum tilfellum. Slíkir styrkir skulu þó eigi greiddir nema sjúklingurinn veikist erlendis eða sé haldinn sjúkdómi, sem gildar ástæður mæla með að dómi tryggingayfirlæknis og sérfræðinganeftdar, að bót fáiast ráðin á erlendis, en ekki hér á landi.

94. gr. hljóðar svo:

Stofna skal læknisvitjana- og sjúkraflutningasjóði, einn fyrir hvert sveitarfélag eða hluta úr sveitarfélagi innan tryggingaumdæmis, þar sem aðstaða til læknisvitjana og sjúkraflutninga er svo erfið, að þess sé þörf að dómi tryggingaráðs.

Trygginganefnd umdæmisins stjórnar sjóðum þessum og veitir fé úr þeim og sendir Tryggingastofnuninni ársreikninga þeirra.